

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 147/2022

2022/EES/61/59

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/174 frá 8. febrúar 2022 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 <sup>(2)</sup>, (ESB) 2019/544 <sup>(3)</sup> og (ESB) 2019/2211 <sup>(4)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, hafa úrelst og ber því að fella þær brott samkvæmt EES-samningnum.
- 3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1308, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, rennur út 30. júní 2022, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá 1. júlí 2022.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 31bcaw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031):

„**32022 D 0174:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/174 frá 8. febrúar 2022 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 40).“

2. Texti liðar 31bcay (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1308) fellur brott frá 1. júlí 2022.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/174, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 50.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 95, 4.4.2019, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 157.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.